

Öryggis- og vinnuverndarstefna Vinnslustöðvarinnar

1. STEFNA

Stefna Vinnslustöðvarinnar hf. og dótturfélaga er að tryggja starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem stuðlar að slysalausum vinnustað.

Öflugar forvarnir og jákvætt viðhorf til öryggismála er lykillinn að árangri í öryggis- og vinnuverndarmálum. Það er Vinnslustöðvarinnar að bera ábyrgð á að koma á skipulegu öryggis- og vinnuverndarstarfi sem tekur til fyrirtækisins í heild en það er starfsmanna að gæta að eigin öryggi og huga að öryggi samstarfsmanna sinna.

2. MARKMIÐ

Öryggismarkmið Vinnslustöðvarinnar eru sett sem fram stjórnþæki til að hægt sé að skipuleggja, stjórna og mæla árangur á þeim þáttum sem hafa áhrif á öryggi. Til að ná þessum markmiðum þurfa stjórnendur að sýna forystu og setja öryggis- og vinnuverndarmál í forgang. Markmið Vinnslustöðvarinnar í öryggis- og vinnuverndarmálum er að:

- Uppfylla kröfur laga, reglugerða og staðla.
- Greina áhættu, vinna stöðugt að úrbótum og setja markmið þar að lútandi.
- Leggja starfsmönnum til aðstöðu, tæki og búnað sem uppfyllir öryggiskröfur.
- Leggja starfsmönnum og gestum til viðeigandi persónuhlífar og hlífðarfatnað þar sem það á við.
- Leggja til viðeigandi neyðaráætlanir og skyndihjálparþjálfun.
- Vera með öflugra fræðslu til starfsmanna um öryggismál og vinnuvernd.
- Hvetja til þátttöku og samráðs til að viðhalda öruggum vinnuáðstæðum.
- Rannsaka atvik og hættu með úrbætur að markmiði.
- Fylgjast með virkni öryggisstjórnunarkerfisins.
- Gera vinnustaðinn að vímuefnalausum vinnustað.
- Hvetja starfsmenn til þess að sinna vel andlegri og líkamlegri velferð sinni.

Öryggi, heilsa og öruggt vinnuumhverfi er á ábyrgð stjórnenda, allra starfsmanna og verktaka/þjónustuaðila og greinist þannig:

STJÓRNENDUR

- Tryggja að þessari stefnu og öryggisstjórnunarkerfinu sé viðhaldið.
- Tryggja að virkt samráð sé um öryggismál milli starfsmanna og stjórnenda.
- Leitast við að auka öryggi í samstarfi við yfirstjórn.

VERK- OG FLOKKSTJÓRAR / YFIRMENN Á SKIPUM

- Tryggja að öryggisstjórnunarkerfinu sé fylgt.
- Tryggja að starfsfólk sé hæft til að sinna verkefnum sem því er úthlutað.
- Tryggja að viðeigandi öryggisbúnaður sé notaður.
- Tryggja að notaðar séu persónuhlífar þar sem það á við.
- Tilkynna öll atvik sem upp koma til stjórnenda.

STARFSMENN

- Þekkja og fylgja öryggisreglum.
- Nota viðeigandi persónuhlífar og hlífðarfatnað.
- Tryggja heilsu og öryggi þeirra sjálfra og annarra á vinnustað.
- Tilkynna öll atvik sem upp koma til yfirmanns eða á netfangið abendingar@vsv.is þar sem fullum trúnaði er heitið.

VERKTAKAR OG ÞJÓNUSTUAÐILAR

- Fylgja öryggisreglum Vinnslustöðvarinnar.
- Tilkynna verk sem geta haft áhrif á heilsu og öryggi þeirra sjálfra og annarra.
- Leitast við að auka öryggi í samstarfi við starfsmenn og stjórnendur.

3. ÁBYRGÐ OG ENDURSKOÐUN

Framkvæmdaráð Vinnslustöðvarinnar hf. ber ábyrgð á reglum þessum.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar á 3 ára fresti. Það er á ábyrgð framkvæmdaráðs að sú endurskoðun eigi sér stað.